

Sóknaráætlun 20/20

Menntun:

Í dag er áhyggjuefni hvað það eru mörg prósent af drengjum sem flosna upp úr námi. Það þarf að gera skólann meira aðlaðandi og hvetjandi fyrir þá, sérstaklega í efri bekkjum grunnskólans.

Það sem þarf að gera í tengslum við menntun er að:

- efla verkmenntun
- taka upp siðfræðikennslu
- kenna börnum á lífið t.d. fjármálalæsi, nýtni og endurvinnslu
- breyta kennsluaðferðum úr ítöðslu yfir í uppgötvunarnám
- koma upp Science Center (uppgötvunar- og upplifunarsetur tækni og vísinda, ásamt sögu uppfinninga). Getur vel tengst fyrirhuguðu Náttúruminjasafni.
- auka samvinnu milli ólíkra skóla eins og iðnskóla og háskóla sérstaklega í tengslum við nýjar hugmyndir eða nýsköpun.

Nýsköpun:

Hugmyndir spretta upp alls staðar í samfélaginu alveg óháð menntun, aldri, kyni eða uppruna. Oft tengjast hugmyndir vinnu, heimili, börnum eða nærumhverfi og þá oft sem lausn á ákveðnu vandamáli eða til að gera hlutina öðruvísi.

Það sem þarf að gera er að:

- nýta betur þá fjármuni sem fara í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Það þarf að vita hve miklu er eytt, í hvers konar verkefni og hver er árangurinn. Hve mörg verkefni skila sér sem vara á markað? Hve mörg eru gjaldeyrisskapandi?
- gera fólki auðveldara að koma hugmyndum í „vöru“ á markað/ eða í framkvæmd. T.d. með samvinnu ólíkra atvinnustétta
- efla þau fyrirtæki sem nú þegar eru með gjaldeyrisskapandi vöru
- stóru fyrirtækin taki þau minni í fóstur og hjálpa þeim út á markað
- sameiginleg markaðssetning á íslenskum vörum t.d. Íslandsstofa. Hvert fyrirtæki borgar 0.5% af veltu sinni sem þátttökugjald.
- auka fjölbreyttni framleiðslufyrirtækja.
- minnka raforkuverð til garðyrkjubænda, sem síðan getur verkað sem hvati til að auka framleiðslu og prófa nýja ræktun. Ísland hefur alveg möguleika á því að verða matarkista norðursins því við eigum nægt landrymi, ódýra orku og mikið af hugvittsömu fólki.

Það sem þarf er að auka samvinnu í því að virkja hugvitið, auka framleiðslu og efla útflutning!

Hugmynd að „Aksjón skóla“

Ég hef lengi gengið með þessa hugmynd í kollinum. Kveikan að henni er óánægja yngsta sonar míns í skóla.

Ég vil meina það að skólakerfið sé úr sér gengið eins og það er. Ef við skoðum upphaf núverandi skólaumhverfis þá má rekja það aftur til iðnbyltingarinnar. Verksmiðjurnar þurftu vinnuafli og þá þurfti stað fyrir börnin og kennslu þeirra, á meðan að foreldrarnir unnu.

Aksjón skólinn minn er þannig:

Engin skólaskylda, en fræðsluskylda. Allir læra að lesa, skrifa og nota tölustafi (reikna)

Skólabyggingin er starfsstöð kennara

Nemandi tekinn í áhugasviðsgreiningu og metur sína styrkleika í byrjun skólagöngu.

Ef hann hefur áhuga t.d. á matseld þá getur hann lært allt mögulegt í gegnum þann áhuga, t.d. tungumál, sögu, landafræði, reikning.

Nemendum geta valið sér mismunandi áhugahópa/félaga til að vinna saman verkefni.

Nemandi er metinn eftir verkefnum ekki stöðluðum prófum. Hann þarf að skila af sér verkefnum á ákveðnum tímum. Hann setur sér markmið í samvinnu við kennarann.

Hann getur valið hvort hann vinnur sín verkefni í fjarnámi eða hittir kennara og aðra nemendur.

Nemendur aksjóns skólans geta valið sér kennara. Kennarar verða að auglýsa eftir nemendum. Þeir hafa skólabygginguna sem starfsstöð. Þeir þurfa að kynna sig fyrir nemendum og foreldrum, lýsa yfir sínum styrkleikum, getu, áhuga og reynslu.

Það mikilvægasta sem hægt er að kenna börnum og unglingum er að öll erum við einstök og höfum okkar styrkleika og hæfni. Hver og einn nýtir sína hæfileika og lærir að virða þennan fjölbreytileika.